

FRÉTTABRÉF

Verkalýðsfélags Akraness

Maí 2012

Netfang: vlfa@vlfa.is • Heimasíða: www.vlfa.is



Stjórn fiskveiða

Ljósmynd: Þórarinn Jónsson

Stjórn Verkalýðsfélags Akraness hefur sent atvinnuveganefnd Alþingis umsögn varðandi lagafrumvarp um stjórn fiskveiða og lagafrumvarp um veiðigjald. Í frumvörpunum eru jákvæðir punktar, t.d. varðandi það að nytjastofnarnir í hafinu í kringum landið séu ævarandi eign þjóðarinnar. Stjórn VLFA getur þó ekki undir nokkrum kringumstæðum stutt þessi lagafrumvörp á meðan ekki hefur farið fram ítarleg rannsókn á áhrifum þeirra á atvinnuöryggi og kjör fiskvinnslufólks, sjómanna og síðast en ekki síst á byggðir þessa lands.

Rétt er geta þess að hundruð félagsmanna VLFA starfa í sjávarútvegsgreinum bæði til sjós og lands og því eru miklir hagsmunir í húfi fyrir félagsmenn VLFA að ekki sé verið að gera þannig breytingar á stjórnun fiskveiða að þær ógni atvinnuöryggi þeirra sem starfa í greininni.

Formaður Verkalýðsfélags Akraness veltir því fyrir sér hvort fyrirhugað auðlindagjald sé af sama meiddi og kolefnisskatturinn sem átti m.a. að leggja á Elkem Ísland fyrir áramót, en sú skattlagning stefndi atvinnuöryggi þeirra

sem þar störfuðu í algjöra óvissu eins og frægt var.


Talað hefur verið um að útgerðir hafi ákveðið svigrúm núna og það eigi að nýta. Það er mat félagsins að nota eigi það svigrúm sem útgerðin hefur til að lagfæra og leiðrétta launakjör fiskvinnslufólks, en þau eru verkalýðshreyfingunni, Samtökum atvinnulífsins og útgerðinni til ævarandi skammar. Rétt er að upplýsa að heildarlaun sérhæfðs fiskvinnslumanns eftir 15 ára starf eru einungis 230.000 kr.

Að sjálfsgöðu er nauðsynlegt að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur á undanförunum árum og hefur óneitanlega haft áhrif á rekstur fyrirtækja í sjávarútvegi og starfsfólk þeirra.

Stjórn VLFA telur það þó í raun og veru ámælisvert að leggja þessi frumvörp fram án þess að fram hafi farið óháð rannsókn á áhrifum þeirra á atvinnuöryggi og kjör þeirra sem starfa í greininni. Því ítrekar stjórn VLFA það að við svo búið getur félagið ekki stutt þessi frumvörp og krefst þess að slík rannsókn fari fram hið fyrsta.

Verkalýðsfélag Akraness

sendir öllum félagsmönnum árnaðaróskir á baráttudegi verkafólks.
Stöndum vörð um réttindi okkar!



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Opíð er alla virka daga frá kl. 09:00 - 16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmmur Birgisson, í síma 8651294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is • 4309902

Auður Finnbogadóttir
skrifstofufulltrúi
audur@vlfa.is • 4309903

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is • 4309906

Dagbjört Guðmundsdóttir
skrifstofufulltrúi
dagbjort@vlfa.is • 4309905

Elín Th. Reynisdóttir
starfsendurhæfingarráðgjafi
elin@vlfa.is • 4309904

Ávarp formanns

Í dag eru 11.457 manns eða 7,1% án atvinnu á landinu öllu. Það er morgunljóst að atvinnuleysi er einn mesti skaðvaldur hvers samfélags og gríðarlega mikilvægt að vinna bug á því með öllum tiltækum ráðum.

Við Akurnesingar höfum verið afar lánsamir í atvinnumálum, þótt vissulega sé hlutfall atvinnulausra allt of hátt. Atvinnuleysi á Vesturlandi er 3,7% sem er töluvert lægra en gerist á landsvísu. Það sem er að bjarga okkur er klárlega sú mikla uppbygging sem hefur átt sér stað á liðnum árum og áratugum á Grundartangasvæðinu.

Í tengslum við heimsókn kínverska forsætisráðherrans Wen Jiabo til landsins, var nýverið undirrituð viljayfirlýsing kínverska fyrirtækisins BlueStar, sem á meirihluta í Elkem Ísland, við íslensk stjórnvöld um frekari uppbyggingu Elkem á Grundartanga. Í viljayfirlýsingu koma fram áform um byggingu allt að 65.000 tonna kísilmálmvinnslu auk 12.000 tonna sólar kísilverksmiðju. Það er ljóst að þótt hér sé aðeins um viljayfirlýsingu að ræða, þá sýnir þetta vilja eigenda Elkem Ísland til frekar uppbyggingar hér á landi. Þessi áform munu skila tugum ef ekki hundruðum nýrra starfa.

Að auki er stálendurvinnslufyrirtækið GMR nú verið að undirbúa framleiðslu og þegar sú vinnsla hefst munu skapast tugir nýrra starfa. Á þessu sést hversu mikilvægt Grundartangasvæðið er okkur Skagamönnum, sérstaklega í ljósi þess að fjöldi starfa tapaðist þegar Haraldur Böðvarsson sameinaðist Granda árið 2004, en frá þeim tíma hefur vel á annað hundrað störf tapast.

Ég eygi þá von að með tímanum muni HB Grandi flytja starfsemi sína alfarið upp á Akranes, enda eru kostir þess að reka fiskvinnslu hér á Akranesi ótvíræðir. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir samfélagið allt að hér starfi sterk og öflug útflutningsfyrirtæki eins og Elkem, Norðurál og HB Grandi, enda eru það fyrirtæki eins og þessi sem skapa þá velferð sem við Íslendingar viljum búa við. Hins vegar er það brýnt verkefni að koma þeim 153 Akurnesingum sem eru án vinnu til starfa og þar liggur ábyrgðin hjá stjórnvöldum og atvinnurekenda.

Kæru félagar, til hamingju með baráttudag verkalýðsins.
Vilhjálmmur Birgisson,
formaður Verkalýðsfélags Akraness



Vilhjálmmur Birgisson,
formaður VLFA

Fréttabréf Verkalýðsfélags Akraness

Nr. 14 • 8. árgangur • maí 2012

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness

Sími: 4309900 Fax: 4309901

Netf.: skrifstofa@vlfa.is

Ábm.: Vilhjálmmur Birgisson

Umsjón: Björg Bjarnadóttir

Umbrot: Björg Bjarnadóttir

Textavinna: Björg Bjarnadóttir og Dagbjört

Guðmundsdóttir

Prentun: Prentmet Vesturlands

Sjúkrasjóður

Verkalýðsfélags Akraness

sendir félagsmönnum baráttukveðjur
í tilefni 1. maí.

Stöndum vörð um réttindi verkafólks!

Tæpar 8 milljónir greiddar í starfsmenntastyrki

Á árinu 2011 nýttu félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness sér vel hina ýmsu styrki sem félagið býður upp á. T.a.m. fengu 208 félagsmenn styrki úr þeim starfsmenntastjóðum sem félagið á aðild að og nam upphæð styrkjanna samtals 7,7 milljónum sem er talsverð aukning frá fyrra ári og verður að teljast afar ánægjuleg þróun.

Þegar litið er yfir þá styrki sem afgreiddir voru er flóran fjölbreytt: framhaldsskólanám, háskólanám, vinnuvélanámskeið, meirapróf, lesblindugreining, köfun, naglaásetning, kerfisfræði, svæðanudd, hraðlestrarnámskeið, einkaþjálfaranám, lífvarðanámskeið, tungumálanámskeið, tölvunámskeið, Dale Carnegie, smáskipanámskeið, sjálfstyrkingarnámskeið og svo mætti lengi telja. Félagsmenn sem eru í námi eru eindregið hvattir til að athuga rétt sinn til endurgreiðslu hjá félaginu.

VLFA á Facebook



Auk þess að halda úti öflugri heimasíðu er félagið með síðu á Facebook. Þar geta félagsmenn látið sér "líka við" Verkalýðsfélag Akraness og þar með fengið aðgang að ýmsum upplýsingum um starfsemi félagsins, fundi og aðra viðburði og einnig upplýsingar um þá þjónustu sem félagið veitir.

Á síðunni er reynt eftir föngum að minna á umsóknir um styrki, lausa bústaði, kynningar og slíkt. Það er ekki seinna vænna fyrir 87 ára gamalt félag að komast á Facebook og vonandi að félagsmenn njóti góðs af því.

Herjólfur

Félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness geta fengið ódýrari fargjöld með Herjólfu. Afslátturinn nemur 40% frá fullu verði (bæði fyrir farþega og ökutæki) og gildir fyrir félagsmanninn og fjölskyldu hans.

Til að njóta afsláttarins þarf að bóka og greiða fyrir ferðina á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness, Sunnubraut 13 eða í síma 4309900. Þegar bókun hefur verið frágengin fær félagismaðurinn bókunarnúmer sem hann framvísar á afgreiðslustöðum Herjólfu í Vestmannaeyjum, Landeyjahöfn eða í Reykjavík til að fá miða. Einnig er hægt að fá miðana senda í tölvupósti til útprintunar heima.

Vítisvél verðtryggingarinnar



Vikingur AK 100 leggst drekkeblaðinn að bryggju á Akranesi

Á Alþingi hefur ekki náðst samstaða um að draga úr vægi verðtryggingarinnar á skuldsett heimili. Það er óhætt að segja að þetta séu sorgartíðindi, því það er alveg ljóst að verðtryggingarvítisvélina er að ganga af íslenskum heimilum dauðum.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar um skuldavanda heimilanna sem stjórnvöld létu gera á síðasta ári kom fram að heildar verðtryggðar skuldir heimilanna nema um 1.271 milljarði króna. Verðbólga fyrstu 3 mánuði ársins var 2,4% sem þýðir að frá áramótum hafa skuldir heimilanna hækkað sem nemur 30,5 milljörðum, bara vegna verðtryggingarinnar.

Nú er nýlokið einni albestu loðnuvertíð sem verið hefur við Íslandsstrendur í áratugi, en áætlað er að heildaraflaverðmætið hafi numið 30 milljörðum. Þetta er jafnhá upphæð og verðtryggðar skuldir íslenskra heimila hafa hækkað um á síðustu 3 mánuðum. Á þessu sést hvernig verðtryggingin leikur íslensk heimili miskunnarlaust, því er það algjörlega óásættanlegt að Alþingi Íslendinga ætli ekki að taka á þessu grímulausa óréttlæti sem íslensk heimili mega þola vegna verðtryggingarvítisvélarinnar.

Orlofsuppbót

Félagsmenn eru hvattir til að fylgjast vel með því að orlofsuppbót skili sér rétt. Orlofsuppbót skal greiða út þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á orlofsárinu eða eru í starfi í fyrstu viku í maí. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

Upphæð orlofsuppbótar er mismunandi eftir kjarasamningum, en helstu upphæðir eru sem hér segir:

- Almennur vinnumarkaður, kr. 27.800
- Samiðn, kr. 27.800
- Ríkisstarfsmenn, kr. 27.800
- Sveitarfélög, kr. 37.000
- Elkem og Klafi, kr. 141.971
- Norðurál, kr. 146.522

Fyrstir koma - fyrstir fá!

...og þeir sem nota Félagavefinn hafa þægilegt forskot



Sólpallurinn í Húsafelli

Það er fagnaðarefni að um þriðjungur allra umsókna um orlofshús berst nú í gegnum Félagavefinn og það verður að teljast jákvætt að félagsmenn nýti þann kost eins og hægt er. Þeir sem nýta Félagavefinn á þennan hátt hafa betri yfirsýn yfir umsóknarferlið, geta séð strax og úthlutun er lokið hvort einhver vika hafi fallið þeim í skaut og jafnvel greitt strax með korti á vefnum.

Þegar báðum úthlutunum er lokið um hádegisbil 4. maí geta félagsmenn bókað þær vikur sem ekki ganga út og gildir þá reglan - Fyrstir koma, fyrstir fá. Þeir sem nota Félagavefinn hafa ákveðið forskot, því þeirra sýn á lausar vikur er nákvæmlega sú sama og starfsfólk skrifstofu hefur. Á Félagavefnum er því mögulega hægt að sitja í þægindum heima hjá sér, en samt verða fyrstur allra að næla sér í álitlega viku.

Sumarúthlutun 2012

...helstu dagsetningar



Svínadalur í sumarþúningi

16. apríl -	Fyrri úthlutun fór fram, allir umsækjendur fengu svarbréf í pósti (einnig er hægt að sjá strax inni á félagavefnum).
02. maí -	Eindagi fyrri úthlutunar, þeim vikum sem ekki eru greiddar á eindaga er úthlutað aftur. Leyfilegt er að breyta umsóknum og leggja inn nýjar umsóknir.
04. maí -	Endurúthlutun fer fram, þeir sem fá úthlutað fá það staðfest með bréfi.
04. maí - kl. 12:00	Fyrstir koma, fyrstir fá! Þeir sem fyrstir koma geta bókað lausar vikur (athugið að eftir eindaga endurúthlutunar getur lausum vikum fjölgað).

Gistimiðar - Veiðikort - Útilegukort

...fyrir þá sem kjósa eitthvað annað en sumarþústaði



Orlofssjóður VLFA niðurgreiðir gistingu á Hótel Eddu og Fosshótelum til félagsmanna. Félagsmenn bóka sjálfir á hótelnunum, en taka fram að þeir muni greiða með gistimiða frá stéttarfélagi. Gistimiðarnir eru til sölu á skrifstofu félagsins á kr. 5.000. Sölutímabil gistimiða á Edduhótel er frá maí til júlí. Sölutímabil gistimiða á Fosshótel er allt árið um kring.

Miðað er við að hver félagsmaður geti keypt fimm gistimiða á ári og eru þeir einungis ætlaðir til notkunar fyrir félagsmenn sjálfa.

Orlofssjóður VLFA niðurgreiðir einnig Veiðikortið og Útilegukortið til félagsmanna. Kortin eru til sölu á skrifstofu félagsins á um 50% af almennu söluverði, Veiðikortið á kr. 3.000 og Útilegukortið á kr. 8.000. Sölutímabil er frá því kortin eru gefin út að vori og fram á mitt sumar.

Miðað er við að hver félagsmaður geti keypt eitt Veiðikort og eitt Útilegukort á ári og eru kortin ætluð til notkunar fyrir félagsmenn sjálfa.



FOSSHOTEL

Í nærmynd

Rett við Sigurð Guðjónsson, skáta, slökkviliðsmann, smið og 500 barna afa



Siggi í Bæjarstæði

Sigurður Guðjónsson, eða Siggi í Bæjarstæði eins og hann er iðulega nefndur, ólst upp með fjórum systkinum í Bæjarstæði á Akranesi, þar sem nú er Suðurgata 103. „Við vorum með kindur heima og ég sá um þær fyrir afa minn. Við áttum góða daga á Suðurgötunni, lékum okkur í öllum görðum og í fjörunni, þar til Sementsverksmiðjan byggðist og leiksvæðið

þar með tekið af okkur krökkunum. Í þá daga fengu börn frjálrsæði til að leika sér og ekki þessar hættur alls staðar þótt við værum að klifra þetta í klettunum og í fjörunni“

Fimmtán ára gamall fékk Sigurður vinnu í Sementsverksmiðjunni við að keyra sement á traktor á bryggjunni. „Ég kláraði svo minn skóla og fór í iðnnám, lærði trésmíði hjá Guðmundi Magnússyni hér á Akranesi í tvö ár en síðan fór ég suður og kláraði námið mitt þar því þar komst ég í fjölhæfari vinnu. Í Reykjavík stundaði ég mikið gömlu dansana, helst 5-6 kvöld í viku á Borginni, Þórskaffi og Breiðfirðingabúð, og ætlaði að verða danskennari líka.

Eftir námið í Reykjavík fór ég að vinna hjá fyrirtæki sem var að byggja orlofshús í Ölfusborgum í Hveragerði fyrir stéttarfélögin og það var eiginlega það fyrsta sem ég hafði af stéttarfélagunum að segja. Þarna var ég í tvö ár á þessu mesta rigningsræði sem ég hef kynnst því maður var í gúmmígalla alla daga.“

Dulin gæfa

Sigurður hefur haldið sig við smiðarnar þangað til núna síðustu árin þegar minna hefur verið um verkefni. Eins og oft er í þessari starfsgrein ferðaðist hann um allt land vegna vinnu og hefur víða komið við. Á Reyðarfirði varð hann fyrir því óhappi að slasa sig illa. „Ég eignaðist hlut í síldarplani og datt hreinlega í lukkupottinn þarna. En þetta var botnlaus vinna og ég varð fyrir því óláni á sunnudegi að detta niður úr stillans og hryggbrotna. Ég var fluttur með síldarbáti til Norðfjarðar þar sem ég lá í viku áður en ég var fluttur til Reykjavíkur og settur saman. Eftir þetta lá ég á sjúkrahúsi í eitt og hálf ár, lamaður vinstra megin. Þegar ég komst í hjólastól fór ég á Reykjaland, þar sem ég var í endurhæfingu í eitt ár. Ég fékk reyndar sérstaklega góða aðhlyningu á Reykjalandi, enda starfaði þarna stúlka sem varð síðan eiginkona mín. Ég segist nú stundum í gríni ekki

hafa komist undan henni, verandi í hjólastól, en svona er gæfan nú dulin stundum.“

Fjölskyldan

Eiginkona Sigurðar er Gígja Garðarsdóttir frá Hríshóli í Reykhólasveit. „Við leigðum okkur hús á Akranesi og daginn sem elsta dóttir okkar, Inga Dís, fæddist fór ég á hækjunum niður í Akur og byrjaði að vinna þar í tvo tíma á dag og síðan fljótlega fjóra tíma á dag. Ég komst þarna á fæturna og þetta kom bara svo ótrúlega vel. Við eignuðumst son okkar Garðar fljótlega og síðan kom Guðjón Ingi. Yngstur var svo Kristján Óskar sem var mikill fótboltamaður, en líf hans var stutt því hann lést í bílslysi um hvítasunnuna 1999, 17 ára gamall.

Heimili okkar hefur alltaf verið lifandi og opið. Konan mín hefur verið dagmóðir í 34 ár og fyrir utan mín eigin barnabörn eru að verða 6, þá á ég núna yfir 500 afabörn annars staðar og sum þeirra halda ennþá sambandi og kíkja í heimsókn. Þrátt fyrir allan þennan fjölda af börnum hefur ekki brotnað nema einn vasi á öllum þessum árum og ég man meira að segja eftir því. Jafnvel hefur það verið mér að kenna að einhverju leyti.“

Félagsmál

„Maður fór í Skátana fljótt því pabbi og mamma voru bæði í skátunum og ég held ég hafi verið 3ja mánaða þegar ég fór í mína fyrstu útilegu. Ég var foringi í 15 ár og hef lagt ýmislegt af mörkum fyrir félagið í sjálfböðavinnu við smiðar, t.d. reistum við skálann í Skorradal og innréttuðum. Þegar ég vann í Hveragerði 1964 átti ég þátt í því að endurreisa skátafélagið þar sem hafði legið niðri um tíma. Ég hóaði saman kröftugum krökkum og fékk lánaða aðstöðu í barnaskólanum fyrir fundi. Þetta vatt upp á sig og skátafélagið í Hveragerði hefur starfað óslitið síðan þá.“

Skátahreyfingin og slökkviliðið hefur verið aðal frístundavinna Sigurðar. „Faðir minn var slökkviliðsmaður nr. 2 í þegnaskylduvinnu og ég ólst upp á slökkvistöðinni með honum. Ég gekk í slökkviliðið 18 ára gamall og hef verið þar síðan. Það er góður andi hjá okkur og við höldum mikið hópinn, höldum fundi og þorablót og slíkt.“

Sigurður hefur setið í stjórn Verkalýðsfélags Akraness frá 2003 og er formaður Iðnsveinadeildar félagsins. „Ég kem inn í Verkalýðsfélagið í gegnum Trésmiðafélagið og ég tel að það hafi verið happafengur að við skyldum sameinast Verkalýðsfélagi Akraness, frekar en að flytja okkur undir eitthvað ofurafl í Reykjavík þar sem við fengjum enga þjónustu.“

Sigurður hélt nýverið upp á 70 ára afmælið sitt þar sem mættu 140 manns og m.a. 5 slökkviliðsbílar með sírenuvæli. En hvað ætli standi uppúr eftir 70 ára viðburðaríka ævi: „Það er gæfa mín að hafa komið upp góðri og samheldinni fjölskyldu, við höfum staðið í baráttu saman og ef eitthvað bjátar á stöndum við alltaf saman.“

Trúnaðarmannanámskeið



Trúnaðarmenn Verkalýðsfélags Akraness

Dagana 21. til 23. mars sl. sátu 8 trúnaðarmenn Verkalýðsfélags Akraness trúnaðarmannanámskeið í fundarsal félagsins að Sunnubraut 13. Markmið slíkra námskeiða er að styrkja og efla trúnaðarmenn í þeirra störfum og er trúnaðarmönnum heimilt samkvæmt kjarasamningum að sækja slík námskeið í eina viku á ári án skerðingar á dagvinnulaunum.

Félagsmálaskóli Alþýðu sá um skipulagningu og kennslu á námskeiðinu sem byggir á námsskrá frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins. Meðal annars var farið yfir hlutverk stéttarfélaga, hlutverk trúnaðarmannsins, farið yfir lög og kjarasamninga og íslenskan vinnurétt.

Nokkur nýliðun hefur átt sér stað meðal trúnaðarmanna undanfarið, en auk nýrra trúnaðarmanna sátu námskeiðið miklir reynsluboltar sem hafa áralanga reynslu af trúnaðarmannastörfum. Trúnaðarmennirnir koma úr ýmsum deildum félagsins og

úr mismunandi atvinnugreinum. Það telst vera kostur á námskeiði sem þessu, því þrátt fyrir ólíkan bakgrunn eru trúnaðarmennirnir oft og tíðum að glíma við sams konar verkefni.

Það var að heyra á hópnum að mikil ánægja ríkti með námskeiðið. Bæði höfðu kennarar orð á því hversu gríðarlega sterkur og virkur hópur þetta væri og einnig var að heyra á trúnaðarmönnum að þeir hafi ekki síður verið ánægðir með góða og uppörvandi fræðslu. Sterkir trúnaðarmenn eru ómetanlegur hluti í starfi stéttarfélaganna, og kjarni þeirra er alltaf að þéttast og verða virkari. Stefnt er að því að halda framhaldsnámskeið í haust til að halda áfram á þessari braut.

Aðalfundur 2012



Elí Halldórsson formaður Almennrar deildar, Skúlína Guðmundsdóttir meðstjórnandi og Guðrún Linda Helgadóttir formaður Matvælaeildar

Árlegur aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var haldinn á Gamla Kaupfélaginu þriðjudaginn 24. apríl sl. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf auk breytinga á lögum og reglugerðum. Formaður fór yfir ársskýrslu stjórnar og greindi frá því helsta sem stjórnir og starfsmenn fengust við á annasömu ári. Kjarasamningum voru gerð góð skil, en allir kjarasamningar félagsins voru lausir á síðasta ári. Formaður kynnti einnig fyrirtiliggjandi verkefni, en brýnt er að ganga frá kjarasamningi við sjómenn sem hafa nú verið samningslausir í 15 mánuði. Einnig er verið að vinna að nýjum kjarasamningi fyrir smábátasjómenn, en sá hópur hefur aldrei haft kjarasamning.

Þegar formaður félagsins hafði lokið máli sínu fór endurskoðandi félagsins yfir ársreikninga síðasta árs og kynntu afkomu félagsins. Það er skemmt frá því að segja að rekstur félagsins hefur gengið afskaplega vel og skila allir sjóðir félagsins góðum hagnaði. Heildarhagnaður félagsins á árinu 2011 nam 73,3 milljónum króna.


Verða þetta að teljast afskaplega góð tíðindi sérstaklega í ljósi þess að vaxtatekjur hafa dregist umtalsvert saman milli ára og rekstrarkostnaður hefur aukist. Skýringin felst í því að iðgjaldatekjur félagsins hafa aukist töluvert milli ára og þrátt fyrir að fjöldi félagsmanna hafi nánast staðið í stað eru raðir þeirra að þéttast þannig að núna eru mun fleiri virkir og greiðandi félagsmenn en voru fyrir ári síðan. Auk þess gerði félagið góða kjarasamninga á síðasta ári sem skiluðu félagsmönnum hærri launum og þar af leiðandi einnig auknum tekjum fyrir sveitarfélögin og ríkið. Góð afkoma undanfarinna ára hefur verið notuð til að auka hin ýmsu réttindi félagsmanna, m.a. úr sjúkrasjóði þar sem 9 nýir styrkir hafa verið teknir upp á undanförunum árum.

Á fundinum voru samþykktar tillögur stjórnar um breytingar á grein 12.4. í reglugerð sjúkrasjóðs, er fjallar um dánarbætur. Einnig var samþykkt orðalagsbreyting á grein 2 í lögum Verkalýðsfélags Akraness. Hægt er að kynna sér þessar breytingar nánar á heimasíðu félagsins www.vlfa.is.

Stjórn og starfsmenn Verkalýðsfélags Akraness eru afar stolt af því hvernig rekstur félagsins hefur verið á undanförunum árum enda hefur hið ótrúlega tekist: að reisa félagið við, bæði félagslega og fjárhagslega og starfinu er hvergi nærri lokið.

Sérkjör og afslættir fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness

Nú gildir Félagsskírteini Verkalýðsfélags Akraness sem afsláttarkort hjá fjölda fyrirtækja og þjónustuaðila á Akranesi. Þetta samstarf hefur gengið frábærlega og hefur mikill fjöldi félagsmanna notið góðs af þeim sérkjörum sem samstarfsaðilarnir bjóða.



Að sjálfsögðu verður framhald á þessu samstarfi og nú hafa ennþá fleiri samstarfsaðilar bæst í hópinn.

Samstarfsaðilar Verkalýðsfélags Akraness eru:

Apótek Vesturlands: 10% afsláttur af vörum í búð (ekki lyfjum).

Bifreiðaverkstæðið Brautin: 7% afsláttur af vinnu

Bílar og dekk: 10% afsláttur af dekkjum

Dekur snyrtistofa: 10% afsláttur af allri þjónustu og vörum

Gallerí Ozone: 10% afsláttur

Grand Hótel Reykjavík: Friðindi og betri kjör á veitingum, gistingu og salarleigu, sjá nánar á www.vlfa.is

Omnis: 15% afsláttur af skólavörum, skrifstofuvörum og bleki, 5% afsláttur af tölvum og öðrum vörum - 12 mánaða vaxtalaus lán á kreditkort (GSM símar undanskildir)

LH Bókhald: Lilja Halldórsdóttir viðurkenndur bókari býður 15% afslátt af vinnu við bókhald og gerð skattframtala

Model: 5-10% afsláttur af ýmsum vörum, blómum, gólfefnum og tækjum, sjá nánar á www.vlfa.is

N1: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Olís: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Pípulagningafélag Lýðveldisins: 5% afsláttur af vinnu og 10% afsláttur af efni

Rafþjónusta Sigurdórs: 5% afsláttur af vinnu og 10% afsláttur af efni

Trésmiðjan Akur: 7% afsláttur af vinnu

Tryggingafélagið VÍS: 5% afsláttur af iðgjöldum óháð öðrum afsláttarkjörum sem félagsmenn kunna að hafa



Verkalýðsfélag Akraness

Sunnubraut 13 • 300 Akranes • Sími 430 9900 • Fax: 430 9901 • skrifstofa@vlfa.is

Fram þjáðir menn

...nokkur orð um sögu 1. maí



Kröfuganga á Kirkjubraut



Frá hátíðarhöldum 1. maí 1963 við gamla iðnskólabúsið.
Ári síðar voru þau færð á hið nýja Akratorg.

Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins, 1. maí, á sér langa og merkilega sögu. Dagurinn er mörgum mikilvægur en fyrst og fremst er hann sameiningartákn fyrir allt verkafólk og um leið þörf áminning um að alltaf er hægt að gera betur þegar kemur að réttindum þess og launakjörum.

Nú eru liðin 123 ár síðan sú ákvörðun var tekin í París af öðrum alþjóðasamtökum kommúnista að gera einmitt þennan dag að baráttudegi verkafólks og ári síðar var fyrsta kröfugangan farin undir þeim formerkjum. Barátta verkafólks árin og áratugina eftir að 1. maí var valinn alþjóðlegur baráttudagur þess var síður en svo alltaf áfallalaus og enduðu margar kröfugöngur og verkföll með því að fólk týndi lífi eða slasaðist alvarlega í átökum sem brutust út. En baráttudagurinn festist þó í sessi og í sífellt fleiri löndum var tekin upp sú hefð að fara í kröfugöngur á þessum degi og vekja athygli á því sem betur mætti fara. Dagurinn er nú opinber frídagur í yfir 80 löndum og haldinn hátíðlegur í mun fleiri löndum þar að auki.

Það liðu þónokkur ár frá því að ákvörðunin um 1. maí var tekin í París og þar til fyrsta kröfugangan var farin í nafni verkalýðsins á Íslandi á þessum alþjóðlega degi. Það var árið 1923 sem fulltrúaráð verkalýðsfélaganna ákvað að standa fyrir slíkrri göngu og var metnaðurinn mikill eins og sést í grein sem fulltrúi þess birti þann 26. apríl það ár í Alþýðublaðinu. Þar var fólk hvatt til að mæta og sýna samstöðu og jafnframt útskýrt hvernig kröfuganga af þessu tagi færi jafnan fram annars staðar í heiminum: „1. maí ár hvert ganga verkamenn erlendis kröfugöngu með fánum og áletruðum spjöldum. 1. maí er ekki eingöngu frídagur verkamanna; hann er liðskönnunardagur þeirra. Þá bera þeir fram kröfur sínar ... 1. maí 1923 ætlum vér að krefjast betra skipulags á vinnunni, nægrar vinnu, 8

**1. maí er ekki eingöngu frídagur verkamanna;
hann er liðskönnunardagur þeirra.**

tíma meðalvinnu og fullkominna mannréttinda fyrir alla verkamenn“ segir í greininni.

Þó fyrstu kröfugöngurnar hér á landi hafi ef til vill ekki verið fjölmennar stækkuðu þær með hverju árinu og voru ekki eingöngu í höfuðborginni heldur einnig í minni bæjarfélögum. Það hafði ef til vill áhrif fyrstu áratugina að 1. maí var ekki almennur frídagur en stór áfangi náðist árið 1966 þegar lagt var fram á Alþingi frumvarp þess efnis. Frumvarpið var samþykkt og tóku lögin gildi þann 18. maí sama ár og því var 1. maí almennur frídagur hér á landi í fyrsta sinn árið 1967.

1. maí hefur verið almennur frídagur hér á landi síðan árið 1967.

Verkalýðsfélag Akraness hefur í marga áratugi tekið þátt í hátíðarhöldum vegna 1. maí og má til dæmis finna lýsingu á slíkum hátíðarhöldum í Alþýðublaðinu frá 5. maí 1948. Það ár var mikil dagskrá í bænum í tilefni dagsins og var það Verkalýðsfélag Akraness ásamt Iðnnemafélaginu sem skipulögðu hana. Hófst hún stuttu eftir hádegi með kröfugöngu sem endaði á útifundi við Barnaskólann þar sem bæði voru ræðuhöld og tónlistarflutningur. Um miðjan dag færðust hátíðarhöldin inn í Bíóhöllina þar sem leikþáttur var fluttur auk ljóðalesturs og gamanvísnaðsöngs og dagurinn endaði svo á dansleik í Bárúhúsinu.

Þó dagskráin sem þarna segir frá hafi verið einstaklega metnaðarfull hefur ætíð verið haldið í þá hefð að bjóða upp á skemmtun af einhverju tagi á þessum degi. 1. maí er fyrst og fremst baráttudagur en jafnframt hátíðisdagur þar sem fólk gerir sér glaðan dag en minnst þess um leið hversu miklu hefur verið áorkað í baráttu verkafólks í gegnum áratugina og hefur í huga að alltaf er hægt að gera betur.

DG

Stundvísí

Það eru gömul sannindi og ný að stundvísí liggur almennt misvel fyrir fólki. Þegar kemur að mætingu til vinnu taka þó jafnvel þeir óstundvísustu sig á og stimpla sig inn á réttum tíma.

Skrifstofu félagsins barst nýverið skemmtilegt bréf frá félagsmanni og er það hér með birt, bæði til gamans og umhugsunar um stundvísí.

Bréfið fékk hin 39 ára gamla Fanney Guðmundsdóttir frá vinnuveitanda sínum, Póst- og Síamálastjórn, árið 1943. Þar er henni tjáð að vegna sérstakrar stundvísí og alúðar í störfum sínum hafi hún verið leyst undan stimplunarskyldu í “stundvísíklukku stofnunarinnar”. Rétt er að geta þess að Fanney var þekkt fyrir að vera með eindæmum samviskusöm kona.

1. maí á Akranesi

Verkalýðsfélag Akraness,
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar,
VR,
FIT Félag iðn- og tæknigreina,
Kennarasamband Íslands og
Sjúkraliðafélag Íslands

standa fyrir dagskrá á hátíðar- og baráttudegi
verkafólks 1. maí

Safnast verður saman við **Kirkjubraut 40 kl. 14:00**

og genginn hringur á Neðri-Skaga.


Að göngu lokinni verður hátíðardagskrá
í sal Verkalýðsfélags Akraness
á 3. hæð að Kirkjubraut 40.

- Fundarstjóri: Vilhjálmur Birgisson•
- Ræðumaður dagsins: Vilhjálmur Birgisson•
- Stúkurnar syngja nokkur lög•
- Kaffiveitingar•

Félagsmenn fjölmennið!

1. maí nefndin

(Athugið! Því miður er Bíóhöllin upptekin vegna leiksýningar og ekki hægt að bjóða börnum á sýningu eins og verið hefur)



Sendum félagsmönnum VLFA
baráttukveðjur
í tilefni af 1. maí

BRAUÐVAL

- Vallholti 5 • 434 1413

EFLING STÉTTARFÉLAG

- Sætúni 1 • 510 7500

FAXAFLÓAHAFNIR

- Tryggvagötu 17 • 525 8900

SJÓNGLERIÐ

- Skólabraut 25 • 431 1619

SMURSTÖÐ AKRANESS

- Smiðjuvöllum 2 • 431 2445


VEIÐIKORTIÐ

- Háaleitisbraut 68 • 517 2060

VERSL. EINAR ÓLAFSSON

- Skagabraut 9-11 • 431 2015

Virkur vinnustaður




Haustið 2011 fór VIRK, í samvinnu við atvinnurekendur, af stað með verkefni sem nefnist Virkur vinnustaður. Markmið verkefnisins er að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og aðstoð við að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu. Áhersla er lögð á jákvæða og heilsusamlega nálgun, með þátttöku stjórnenda og starfsmanna við þarfagreiningu vinnustaðarins, og útfærslu á stefnu og leiðum eftir því sem best hentar hverri starfsemi.

Fjarverustjórnun er ekki algengt hugtak á Íslandi en ætti í raun að vera eðlilegur hluti af starfsmannastjórnun. Á heimsíðu VIRK (virk.is) undir merkinu virkur vinnustaður má m.a. finna átta myndbönd um fjarverustjórnun. Myndböndin eru tekin upp í dönskum fyrirtækjum en hafa verið textuð á íslensku. Í myndböndunum er gerð grein fyrir því um hvað fjarverustjórnun snýst og eiga þau þar af leiðandi að höfða bæði til starfsfólks og stjórnenda. Meðal

þess sem myndböndin greina frá er ávinningur þess að vinna markvisst með veikindafjarveru á vinnustöðum, aukna vellíðan á vinnustað í kjölfar þess að veikindafjarvistir verða hluti af eðlilegu umræðuefni, að stjórnendur beri aukna umhyggju fyrir starfsfólki sínu, að starfsfólk beri umhyggju hvert fyrir öðru, þegar stjórnendur hafa samband við starfsfólk í veikindum eru auknar líkur á að það snúi fyrir til baka úr veikindaleyfi og að samstarfsfólk sé umburðarlynt gagnvart þeim sem geta ekki innt af hendi fulla starfsgetu á meðan bataferli stendur, svo einhver dæmi séu nefnd. Til þess að vel takist til um fjarverustefnur er brýnt að millistjórnendur fái víðtæka fræðslu frá yfirstjórn fyrirtækisins eða stofnunarinnar og að trúnaðarmenn séu einnig með í ráðum.

Nánari upplýsingar um þetta verkefni og aðra starfsemi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs má nálgast á heimasíðu sjóðsins www.virk.is

Smábátasjómenn ganga í VLFA



Smábátahöfnin á blíðviðrisdegi. Ljós. Þórarinn Jónsson

Það er sorgleg staðreynd að smábátasjómenn hafa aldrei haft kjarasamning sem tryggir stöðu þeirra um kaup, kjör og önnur réttindi eins og aðrar starfsstéttir. Í febrúar leitaði hópur smábátasjómannna til Verkalýðsfélags Akraness með ósk um hjálp við að koma á kjarasamningi og gengu upp undir 40 manns í félagið. Þetta hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir félagið í heild sinni og það er ánægjulegt til þess að vita að smábátasjómenn vítt og breitt um landið skuli leita til Verkalýðsfélags Akraness og treysta félaginu til þess að reyna að tryggja þeim nýjan kjarasamning.

Það er hins vegar með ólíkindum að þegar félagið óskaði eftir því við Sjómannasamband Íslands að fá að koma að samningsborðinu við Landssamband smábátæigenda þá var því hafnað og einnig var því hafnað að félagið fengi aðgang að gögnum eins og t.d. kröfugerðinni og tilboði Landssambands smábátæigenda.

Félagið hefur sterklega íhugað að draga samningsumboðið til baka frá SSÍ en til þess hefur ekki komið ennþá sökum þess að Landssamband smábátæigenda neitar að hefja viðræður við félagið á meðan þeir eiga í viðræðum við SSÍ. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandinu og SSÍ fer að stytast í niðurstöðu um það hvort kjarasamningur komist á eður ei. Ef upp úr slitnar er ljóst að félagið mun samstundis hefja kjaraviðræður við Landssamband smábátæigenda um gerð nýs kjarasamnings.

Starfsmenn Elkem fá eingreiðslu



Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Ljós. Þórarinn Jónsson

Í síðustu útborgun greiddi Elkem Ísland fastráðnum starfsmönnum sínum eingreiðslu að upphæð 150 þúsund krónur, væntanlega vegna góðrar afkomu fyrirtækisins. Greiðslan miðast við þá starfsmenn sem hafa verið í starfi hjá Elkem frá 1. apríl 2011 til marsloka 2012 og greiðist í hlutfalli við starfstíma. Rétt er að geta þess að greiðslan nær ekki til þeirra sem eru lausráðnir eins og t.d. sumarafleysingamenn.

Einnig er rétt að geta þess að þegar síðast var gengið frá kjarasamningi við Elkem Ísland 19. apríl 2011, ákváðu eigendur fyrirtækisins að greiða starfsmönnum sínum eingreiðslu sem nam föstum mánaðarlaunum hvers starfsmanns vegna góðrar afkomu. Óhætt er að segja að samningurinn sem gerður var við Elkem í fyrra hafi verið gríðarlega góður, enda nam eingreiðslan og afturvirkni samningsins um 500 þúsund krónum fyrir hvern starfsmann. Núna hefur fyrirtækið s.s. greitt 150 þúsund króna eingreiðslu til viðbótar sem væntanlega miðast við góða afkomu fyrirtækisins á síðasta ári og verður þetta að teljast afar jákvætt fyrir starfsmennina.

Það er ánægjulegt að sjá þegar fyrirtæki taka þá ákvörðun að láta starfsmenn sína, sem jú skapa velferð hvers fyrirtækis fyrir sig, njóta ávinnings þegar vel árar í fyrirtækjum. Það hefur Elkem Ísland nú gert í tvígang og nema þessar eingreiðslur síðustu tveggja ára um 500 þúsund krónum hjá starfsmanni með 10 ára starfsreynslu og ljóst að starfsmenn munar um minna. Þessar eingreiðslur eru svo sannarlega til eftirbreytni fyrir önnur fyrirtæki sem eru starfrækt í útflutningi og hafa verið að njóta góðs af gengisfalli íslensku krónunnar enda hefur launahlutfall fyrirtækja sem starfa í útflutningi hríðlækkað í kjölfar falls íslensku krónunnar.

Betri þjónusta í Vörðunni

Vörðuráðgjöf Landsbankans er alhliða fjármálaráðgjöf sem býðst Vörðufélögum án endurgjalds. Ráðgjöfin veitir heildarsýn á fjármálin og gerir kleift að móta fjárhagslega aðgerðaáætlun með skammtíma- og langtímamarkmiðum.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness baráttukveðju 1. maí

